

**Sp.**

**73. Tillaga til þingsályktunar**

[67. mál]

um atvinnumöguleika ungs fólks.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Ólafur G. Einarsson, Ragnhildur Helgadóttir,  
Pétur Sigurðsson, Albert Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á vinnuafliþörf íslenskra atvinnuvega í nánustu framtíð með sérstöku tilliti til atvinnumöguleika ungs fólks. Við gerð þessarar athugunar verði lögð áhersla á að ganga úr skugga um, hvort æskilegt jafnvægi sé milli menntunar ungs fólks annars vegar og eðli-  
legra þarfa atvinnuveganna hins vegar í þeim efnum. Athugun þessari skal lokið fyrir árslok 1978.

**Greinargerð.**

Eitt mesta vandamál nútímaþjóðfélaga er að tryggja ungu fólki atvinnu í samræmi við menntun og hæfni. Í svonefndum velferðarríkjum hafa á síðustu árum komið fram alvarlegir gallar í skipulagningu og samræmingu mennta- og atvinnu-  
mála með þeim afleiðingum, að milljónir ungra manna 25 ára og yngri fá enga atvinnu að námi loknu eða eiga í miklum erfiðleikum með að fá viðunandi atvinnu.

Á ráðherrafundi OECD, Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, sem haldinn var í París dagana 23.—24. júní s.l., var fjallað um þessi mál, enda hafa forráðamenn þátttökuríkja miklar áhyggjur vegna vaxandi atvinnuleysis ungs fólks í viðkomandi ríkjum. Samkvæmt upplýsingum frá Alþjóðavinnuáráðinu — International Labour Organization (ILO) — munu um 7 milljónir manna undir 25 ára aldri vera atvinnulausir í OECD-ríkjunum. Það eru um það bil 40% allra atvinnu-

leysingja í þessum ríkjum. Meðal helstu annmarka þessarar þróunar eru of hröð iðnvæðing og uppbygging atvinnufyrirtækja, sem byggjast á mikilli vélvæðingu og háþróaðri tækni. Sjálfvirkni og tölvutækni hefur víða leyst mannshöndina af hólmi, án þess að samsvarandi atvinnumöguleikar hafi skapast á öðrum sviðum. Þá hefur reynst erfitt að stilla saman menntun og breytta atvinnuhætti, með þeim afleiðingum, að ungu fólki hefur ekki nýst menntun þess sem skyldi.

Hérlandis hefur þessarar þróunar ekki orðið vart í ríkum mæli enn sem komið er. Til þessa hafa þarfir þjóðarinnar fyrir menntað fólk á flestum sviðum verið svo miklar, að flestir hafa fengið starf við hæfi að námi loknu, hvort sem um hefur verið að ræða háskólanám eða nám á öðrum sérsviðum atvinnulífsins. Þó má búast við að á næstu árum verði hreyfing til hins verra í þessum efnunum, ef ekki er hugað að þessum málum í tæka tíð. Ljóst er, að í ýmsum atvinnugreinum er vinnu- og aðririnn að mettast. Í flestum þeirra er ungt fólk í miklum meiri hluta, þannig að ekki er breytinga að vænta til hins betra í nánustu framtíð. Nægir í þessu sambandi að vísu til takmörkunar Háskóla Íslands á námsmöguleikum í ákveðnum greinum. Hið sama er upp á teningnum hjá fjöldamörgum háskólum erlendis.

Það er keppikefli sérhvarrar þjóðar, að sem flestir geti notið mikillar og góðrar menntunar, en sú viðleitni getur verið unnin fyrir gýg eða haft takmarkaða þýðingu, ef menntunin kemur ekki að þeim notum sem stofnað er til með löngu og erfiðu námi, auk þess sem það hlýtur að valda viðkomandi einstaklingi fjárhagslegu tjóni og sársauka að sjá vonir ekki rætast að námi loknu.

Það er því mikilvægt að jafnvægi sé milli menntunar annars vegar og atvinnu- möguleika hins vegar á hverjum tíma. Til þess að unnt sé að gera sér skynsamlega grein fyrir ástandi þeirra mála er nauðsynlegt að jafnan liggja fyrir sem gleggstar upplýsingar um eftirspurn atvinnuveganna eftir starfskröftum.

Árið 1958 flutti Ragnhildur Helgadóttir alþm. tillögu til þingsályktunar um upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk. Efni tillögunnar var sem hér segir:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á fót starfsemi, sem miði að því, að jafnan séu tiltækar sem gleggstar og nýjastar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk.“

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni sagði svo:

„Árlega hverfur fjöldi æskufólks úr skólum landsins út í atvinnulífið. Sumir hafa lagt á sig langt og strangt sérnám, aðrir ekki. Áður en lagt er á þá braut að sérmenntast til ákveðins starfs, veitir það hverjum og einum leiðbeiningu og öryggi að vita með nokkurri vissu um þörf manna í það starf, sem um er að ræða, og þá um leið afkomumöguleika.“

Á hinn bóginn eru ýmsar greinar atvinnulífsins, sem beinlínis komast ekki af án þar til sérhæfðra manna. Og þeim mun betur er hverri atvinnugrein borgið sem starfsliðið er betur að sér á sínu sviði.

Þess vegna er það nauðsyn, að jafnan séu tiltækar á einum stað nokkurn veginn nýjar upplýsingar um þörf atvinnuveganna fyrir sérmenntað fólk, og markmiðið með flutningi þessarar tillögu er, að nokkurt liðsinni verði veitt í þessu efni.

Til þess að þetta yrði framkvæmt á sem auðveldastan hátt, mætti fela það stofnun, sem stendur í beinu sambandi við hinar ýmsu atvinnugreinar og getur starfað að skýrslugerð um þessi mál, t. d. Iðnaðarmálastofnun Íslands. Þar yrðu þá að jafnaði fyrir hendi þær upplýsingar, sem hér er um að ræða.“

Þingsályktunartillaga þessi var samþykkt af Alþingi og athugun gerð af hálfu opinberra stofnana á umræddu máli.

Frá því að niðurstöður hennar lágu fyrir hafa orðið miklar breytingar í atvinnu- og þjóðlífi landsmanna auk þess sem athuganir á þessu sviði hafa ekki átt sér stað með reglubundnum hætti.

Á næstu árum munu fjölmargir árgangar ungs fólks koma inn á vinnu- og atvinnu- markaðinn. Í því sambandi er eftirtektarvert, hversu stór hluti þessa fólks stundar mennta-

skóla- og háskólanám. Eftir því sem næst verður komist munu á fimmta þúsund Íslendingar vera við háskólanám heima og erlendis. Menntaskólanemar skipta þúsundum.

Sé haft í huga, hvernig atvinnuháttum er hagað á Íslandi og vilji menn á annað borð, að nám og starf fari saman á raunhæfan hátt einstaklingum og þjóð til heilla, hlýtur sú spurning að vakna, hvort eðlilegt jafnvægi sé milli náms og atvinnumöguleika.

Er ekki seinna vænna að gerð sé ítarleg úttekt á þessum málum á grundvelli framanskráðrar þingsályktunartillögu. Niðurstöður hennar gefa væntanlega viðhlítandi svör um atvinnumöguleika ungs fólks í framtíðinni og segir til um það, hvort og hvaða ráðstafanir þarf raunverulega að gera til að forða því frá atvinnuleysi.

Það hlýtur að vera skylda stjórnvalda á hverjum tíma að eiga frumkvæði í málum sem þessu. Þá er það ekki síður þýðingarmikið, að jafnan séu handbærar upplýsingar um atvinnumöguleika og þróun vinnumarkaðarins. Í því felst veigamikil leiðbeining án valdboðs, um framtíðarmöguleika ungs fólks á atvinnusviðum.

Val um störf og nám verður við það raunhæfara en nú er, auk þess sem fjöldi ungmenna verður væntanlega forðað frá því að elta mýrarljós í skólakerfi nútímans, eins og því miður á sér of oft stað.